

Orkuveita Reykjavíkur -
Eignir ohf.
Ársreikningur
2014

Orkuveita Reykjavíkur - Eignir ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

kt. 531213-0840

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjárfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Orkuveita Reykjavíkur - Eignir ohf. (OR Eignir) er opinbert hlutfélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Félagið er eignarhaldsfélag og var stofnað 6. desember 2013, en starfsemi þess hófst 1. janúar 2014. Í ársbyrjun voru eignir og skuldir vegna starfsemi félagsins fluttar frá móðurfyrirtæki þess, Orkuveitu Reykjavíkur.

Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning OR Eigna ohf. Ekki er gerður samstæðureikningur þar sem ársreikningur OR Eigna ohf. er hluti af samstæðureikningi Orkuveitu Reykjavíkur.

Hagnaður af rekstri OR Eigna ohf. á árinu 2014 nam 5.920 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok 81.147 milljónum króna, bókfært eigið fé í árslok var 81.139 milljónir króna og var eiginfjárlutfall félagsins 100%.

Félagið er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og urðu engar breytingar á eignarhaldi á árinu 2014.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til eiganda félagsins á árinu 2015 vegna rekstrar á árinu 2014 en vísar að öðru leiti til ársreiknings varðandi ráðstöfun hagnaðar.

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra OR Eigna ohf. gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu 2014.

Stjórn og framkvæmdastjóri Orkuveitu Reykjavíkur - Eigna ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2014.

Reykjavík, 27. apríl 2015

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Orkuveitur Reykjavíkur - Eignum ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning OR Eigna ohf. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningur OR Eigna ohf. gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 27. apríl 2015

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur 2014

	Skýr.	2014
Annar rekstrarkostnaður	(239)
Rekstrarkostnaður samtals	(239)
Rekstrartap (EBIT)	(239)
Vaxtatekjur		128
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		128
Áhrif dótturfélaga		5.920.032
Hagnaður fyrir tekjuskatt		5.919.921
Tekjuskattur	5	22
	Hagnaður ársins	<u>5.919.943</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	Skýr.	31.12.2014	1.1. 2014
Eignir			
Eignarhlutar í dótturfélögum	6	81.142.802	64.907.415
Tekjuskattseign	5	22	0
Fastafjármunir samtals		<u>81.142.824</u>	<u>64.907.415</u>
Aðrar skammtímafröfur		26	0
Handbært fé		3.863	4.000
Veltufjármunir samtals		<u>3.889</u>	<u>4.000</u>
Eignir samtals		<u>81.146.713</u>	<u>64.911.415</u>
Eigið fé			
Hlutfé		25.004.000	25.004.000
Endurmatsreikningur		44.116.197	39.899.415
Þýðingarmunur		4.235.355	0
Lögbundinn varasjóður		591.994	0
Óráðstafað eigið fé		7.191.167	0
Eigið fé samtals		<u>81.138.713</u>	<u>64.903.415</u>
Skammtímaskuldir við móðurfyrirtæki	7	8.000	8.000
Skammtímaskuldir samtals		<u>8.000</u>	<u>8.000</u>
Skuldir samtals		<u>8.000</u>	<u>8.000</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>81.146.713</u>	<u>64.911.415</u>

Eiginfjáryfirlit 2014

	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Þýðingar- munur	Lög- bundinn varasj.	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
1.1.-31.12. 2014						
Eigið fé 31. desember 2013	4.000	0	0	0	0	4.000
Hækkun hlutfjár 1.1. 2014	25.000.000					25.000.000
Endurmat 1.1. 2014		39.899.415				39.899.415
Eigið fé 1.1. 2014	25.004.000	39.899.415	0	0	0	64.903.415
Endurmat		7.600.000				7.600.000
Tekjuskattsáhrif af endurmati		(1.520.000)				(1.520.000)
Innlausn endurmats afskrifta		(2.329.022)			2.329.022	0
Tekjuskattsáhrif inn- lausnar endurmats		465.804			(465.804)	0
Þýðingarmunur			4.235.355			4.235.355
Framlag í lögbundinn varasjóð				591.994	(591.994)	0
Hagnaður ársins					5.919.943	5.919.943
Eigið fé 31. desember 2014	25.004.000	44.116.197	4.235.355	591.994	7.191.167	81.138.713
6.12.-31.12. 2013						
Innborgað hlutfé 6. des. 2013	4.000	0	0	0	0	4.000
Eigið fé 31. desember 2013	4.000	0	0	0	0	4.000

Sjóðstreymisýfirlit 2014

	2014
Rekstrarhreyfingar	
Hagnaður ársins	5.919.943
Leiðrétt fyrir:	
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(128)
Áhrif dótturfélaga	(5.920.032)
Aðrir rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:	
Tekjuskattur	(22)
Handbært fé til rekstrar án vaxta og skatta	(239)
Innborgaðar vaxtatekjur	102
Handbært fé til rekstrar	(137)
Lækkun á handbæru fé	(137)
Handbært fé í ársbyrjun	4.000
Handbært fé í árslok	<u>3.863</u>
Aðrar upplýsingar:	
Veltufé til rekstrar	(137)

Skýringar

1. Fyrirtækið

OR Eignir ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið er eignarhaldsfélag og var stofnað 6. desember 2013, en starfsemi þess hófst 1. janúar 2014. Félagið er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning OR Eigna ohf. Ekki er gerður samstæðureikningur þar sem ársreikningur OR Eigna ohf. er hluti af samstæðureikningi Orkuveitu Reykjavíkur.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. *Reikningsskilaaðferðir*

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður en þeim er lýst hér á eftir.

Í ársbyrjun voru eignir og skuldir vegna starfsemi félagsins fluttar frá móðurfyrirtæki þess, Orkuveitu Reykjavíkur. Af þessari ástæðu eru samanburðartölur í efnahag miðaðar við 1. janúar 2014 en ekki lok árs 2013.

b. *Matsaðferðir*

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði.

c. *Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill*

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. *Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða*

Gerð ársreikningsins krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. *Dótturfélög*

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélaganna. Eignarhlutar í dótturfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar í færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

b. *Tekjuskattur*

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstigi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 20% vegna ársins 2014.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstigi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti.

Tekjuskattseign sem myndast við upphaf skattskyldu er færð á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur ársins.

Skýringar

4. Laun og launatengd gjöld

Enginn starfsmaður starfar hjá OR Eignum og stjórn fær ekki þóknun fyrir störf sín.

5. Tekjuskattur

			2014
Breyting á frestuðum tekjuskatti			22
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning			22
Virkt skatthlutfall greinist þannig:			2014
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt			5.919.921
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%		1.183.984
Áhrif hlutdeildar í afkomu dótturfélaga	(20,0%)	(1.184.006)	
	Virkur tekjuskattur	0	(22)
Tekjuskatteign vegna yfirfæranlegs taps			22

6. Eignarhlutir í dótturfélögum

Eignarhlutir í dótturfélögum greinast þannig:	Eignarhlutur	31.12.2014	1.1. 2014
Orka náttúrunnar ohf.	100%	51.783.565	38.773.378
OR Veitur ohf.	100%	29.359.237	26.134.037
		81.142.802	64.907.415

OR Veitur dreifa rafmagni og varmaorku auk varmaorkuvinnslu á lághitasvæðum.

Orka náttúrunnar framleiðir rafmagn og varmaorku í orkuverum, auk raforkusölu til stóriðju og smásölu.

Félögin voru stofnuð í desember 2013 og eru að fullu í eigu OR Eigna. Starfsemi í þeim hófst 1. janúar 2014.

Þau eru staðsett að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík.

7. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn borgarinnar, félög í samtæðu Orkuveitunnar, stjórnarmenn og lykilstjórnendur fyrirtækisins eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Félagið hefur fengið lán frá móðurfyrirtæki sínu að fjárhæð átta milljónir króna. Engar aðrar stöður eða viðskipti eru við aðra tengda aðila.